

festing, mundu gjöra póstmönnum nokkurn ljetti í afgreiðslu blaða og tímarita með póstum og hvort þau mundu hafa nokkur veruleg ábrif á tekjur póstsjóðsins af sendingu þeirra.

136

Hvað þetta síðara atriði snertir, þá er ekki gott að segja um það með fullri vissu, en eptir því sem jeg kemst næst, álit jeg að tekjur póstsjóðs mundu rýrast nokkuð, ef rjettur sá, sem lög þessi heimila, kæmi til notkunar.

Jeg hefi komizt að þeirri niðurstöðu, að árið sem leið, 1898, hafi verið send með póstum af innlendum blöðum og tímaritum í krossbandi allt að 14000 pund, en í böggjum um 6000 pund, án þess að jeg vilji hjer fara frekara út í, á hverju sá útreikningur er byggður. Jeg þykist einnig geta sagt með nokkurri vissu, að undir blöð og tímarit í krossbandi hafi sama ár verið borgað að minnsta kosti 4500 kr. og í böggjum um 600 kr. samtals 5100 kr. Ef undir þessi 14000 + 6000 pd. = 20000 pd. hefði verið borgað 20 aura pr. pd.

yrði það alls	4000 —
	Mismunur 1100 kr.

Árið 1898 mundu því að mínu áliti tekjur póstsjóðs hafa rýrnað um rúmar 1000 kr. að minnsta kosti, ef blöð og tímarit hefðu verið flutt eptir því, sem fyrir er mælt í þessum lögum, að því ógleymdu, að kostnaður við að flytja þau 6000 pd. upp í landið, sem þá voru send í böggjum á hafnarstaðina, mundi hafa aukið kostnað við pósthöfðir nokkuð. — Ef útgefendur blaða og tímarita gætu, enda þótt þeir öðluðust þennan rjett til að senda þau í krossbandi fyrir 20 aura pd., einnig sent þau í böggjum eins og áður með því að borga að eins 10 aura undir pundið, svo sem framsögumaður virðist hafa gengið út frá í umræðunum í neðri deild, mundu auðvitað tekjur póstsjóðs rýrast enn meir.

Jeg er því í litlum vafa um, að tekjur póstsjóðs hlytu að rýrast um 1000—2000 kr. á ári, og því meir eptir því sem útgáfa blaða og tímarita ykist.

Um hitt atriðið, hvort lög þessi mundu gjöra póstmönnum nokkurn ljetti í afgreiðslu, get eg sagt það, að ef blöð og tímarit gengju með póstum frimerkjalaust, yrði það talsverður hægðarauki fyrir póstmenn á útkomustöðunum, því að það fer ætíð nokkur tími í að ónyta frimerkin á krossbandssendingum og gæta þess, að þær sjeu rjett frimerktar, og sjerstaklega skiptir það eigi litlu, ef útgefendur færu að heimta af pósthjónum, að þeir líndu frimerki á nefndar sendingar, eins og þeir eptir nógildandi ákvæðum geta. En mestan hægðarauka mundi jeg telja það, ef blöð og tímarit, sem send yrðu samkvæmt þessum lögum, væru útilokuð frá að sendast í böggjum með 10 aura gjaldi fyrir pundið, sem bæði verður að bóka í bækur og skrifa á skrár, en það mun vera meir en vafasamt, hvort lögin gjöra það. Ljettir sá, sem þetta mundi gjöra póstmönnum, yrði þó eigi svo mikill, að neitt mætti skerða laun þeirra fyrir það.

Aptur á móti vil jeg taka það fram, að jeg álit það varla mögulegt fyrir mig eða póstmenn á útkomustöðunum að gefa skýrslu þá, sem getur um í 4. gr. laganna, um þunga hvers tölublaðs eða heftis. Útgefendur láta optast búa um fleiri tölublöð í einum krossbandsböggli og stundum vikublöð og mánaðarblöð saman, svo að jeg fæ ekki sjeð, að póstmenn geti á annan hátt gefið nefnda skýrslu, en með því að rífa upp hvern krossbandsböggul og lesa og vega sundur hvert tölublað, en slíkt yrði ókleif fyrirhöfn, eða þá að útgefendur þeir, sem öðlast rjett til að senda krossbandssendingar samkvæmt opt nefndum lögum, yrðu skyldaðir til að búa sjerstaklega um hvert tölublað, en þá býst jeg við, að hagræði það, sem þeir telja sjer við að senda eptir þessum lögum, verði lítið annað en sparnaður í burðargjaldi.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu 137
 um sveitfesti purfalings. — Eptir móttöku brjefs yðar, herra amtmað. 28. oktbr.

137 dagsetts 5. þ. m., snertandi erindi fátækrastrjórnar Reykjavíkur kaupstaðar, 28. oktbr. þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettu 9. f. m., er kveður svo á, að Sveinn nokkur Ólafsson, húsmáður hjer í bænum, skuli teljast sveitlægur í Reykjavík, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til leiðbeiningar og frekari birtingar, að, með því að og er samþykkur ástæðum þeim, er umgetinn úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa óraskaður, og það því fremur, sem það ekki sjest á skjölum málsins, að styrkveiting sú, er Sveini var látin í tje um árslok 1885, hafi nokkurn tíma verið tilkynntur þáverandi framfærsluveit hans, Biskupstungnahreppi, því að í brjefi bæjarfógetans í Reykjavík til hreppsnefndarinnar í nefndum hreppi, dagsettu 23. marz 1886, er þess eigi getið, að Sveinn hafi fengið styrk úr bæjarsjóði, heldur er þar að eins spurt um, hvort hreppsnefndin vili kannast við sveitfesti hans.

Úrskurður umtmanns.

Í þóknanlegu brjefi, dags. 10. maí þ. á., hafið þjer, velborni herra bæjarfógeti, skotið til amtsins ágreiningi milli yðar og sýslumannsins í Árnessýslu um sveitfesti tómt húsmanns Sveins Ólafssonar hjer í bænum, sem hefir orðið þurfandi sveitarstyrks fyrst á árinu 1898 eða um áramótin 1897 og 1898, og sem þjer og fátækranefndin í Reykjavík álitid eiga framfærsluveit í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu, og hefi jeg, eptir að hafa meðtekið nánari skýrslu frá yður, þessu máli viðvikjandi í þóknanlegu brjefi yðar, dags. 23. maí þ. á., og leitað og meðtekið ýtarlegri yfirlýsing um það frá sýslumanninum í Arnnessýslu og hreppsnefndinni í Biskupstungnahreppi, lagt á það svo látandi úrskurð:

Eptir þeim málsgögnum, sem fyrir liggja, var Sveinn þessi Ólafsson sveitlægur í Biskupstungnahreppi, þá er hann settist að í Reykjavík vorið 1882. Um árslok 1885 þáði hann 20 kr. hjá hinum þáverandi hajarfógeta í Reykjavík til þess að kosta útför barns síns, en Sveinn hefir haldið því fram, að hann hafi ekki beðið um þessa hjálp sem fátækrastryrk, heldur sem lán, enda endurgalt hann styrkinn sjálfur um sumarið næst á eptir. Seint á vetrinum 1893—94, eptir því sem næst verður komizt, fór að þrengja að Sveini, sem þá tók það ráð, að hann sneri sjer til hreppsnefndarmanns eins í Biskupstungnahreppi, Tómasar hreppstjóra Guðbrandssonar í Auðsholti, og var þá þegar fyrir milligöngu hans og prestsins að Torfastöðum stofnað til samskota handa Sveini, og upp frá þessu var honum stöðugt hjálpað úr Biskupstungnahreppi fram á haustið 1897, sumpart með ávísunum á verzlánir og peningum, og sumpart með vörum eða ýmsum landaurum, en öll þessi hjálp, sem numið hefur allmiklu, átti ekki að vera annað en gjafir frá sveitungum hans. Þegar nú litið er til þess, hvernig þessar svo nefndu gjafir mestmegnis urðu til, sem sje með samskotum, sem hreppsnefndarmenn gengust fyrir, og til annara atvika, sem fyrir hendi voru, þá get jeg eigi komizt að annari niðurstöðu, en að öll hjálpin hafi miðað til þess, að sveitfestisdvöl Sveins í Reykjavík skyldi ekki slitna. Jeg hef eigi viljað leiða hjá mjer, að taka þetta fram hjer, þótt það skipti engu í þessu máli, hvernig Biskupstungnahreppur hefir komið fram í því, eins og hjer skal skýrt frá.

Úrslit málsins eru sem sje undir því komin, hvort styrkur sá, sem Sveinn þáði um áramótin 1885—86, hafi verið löglega veittur. Þótt nú eigi sje tekið tillit til fyrnefnds framburðar Sveins sjálfs um þennan styrk, þá er það eigi sannað, að nokkur aðsjón hafi framfarið um efnahag hans, eða neitt verið grennslazt eptir því, hvort hjálpin væri nauðsynleg. Útskript sú, sem fyrir liggur af prófi, sem haldið hefur verið 31. des. 1885, til þess að grennslast eptir því, hvar Sveinn Ólafsson ætti sveit, gefur engar upplýsingar í þessu tilliti,

og er þess að eins getið, að Sveinn tjáist nú bjargþrota og beiðist styrks af fátækra sjóði. **137**
 Tilkynning um styrkveitinguna er eigi send sýslumanninum í Árnessýslu fyr en í brjefi bæjarfógetans, dags. 23. marz 1886, eða allt að því ársfjórðungi eptir að styrkurinn var veittur. Hinn umræddi styrkur verður þannig eigi skoðaður sem löglega veittur fátækra styrkur, er hafi þá verkun, að sveitfestisdvöl Sveins Ólafssonar í Reykjavík hafi slitnað, og þar sem hann þannig hefir haft lögmæta dvöl þar frá því um vorið 1882, samfleytt 10 ár, án þess að hafa þegið löglega veittan fátækra styrk, er hjermeð úrskurðað að tómthúsmáður Sveinn Ólafsson sje sveitlægur í Reykjavík.

Reikningur

138

Prestsekkna sjóðsins fyrir árið 1898.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar í árslok 1897 (sjá Stjórnartíðindi 1898 B. bls. 231)		Kr. 21348,64
2. Árstíllög og gjafir 1898	Kr. 226,96	
3. Vextir, tilfallnir á árinu:		
a. Af innritunarskírteini til 11. desbr 1898	— 56,00	
b. Af innstæðu í aðaldeild söfnunarsjóðsins til ársloka 1897	— 503,92	
c. Af skuldabryfum einstakra manna til 11. júní 1898	— 253,12	
d. Af innstæðu í sparissjóði landsbankans til 31. desbr. 1898.	— 16,65	
		— 1056,65
		Kr. 22405,29

Gjöld:

1. Úthlutað til prestsekkna á synodus 1898	Kr. 700,00
2. Borgað fyrir auglýsingar á gjöfum fyrir árin 1896 og 1897	— 24,97
3. Eftirstöðvar í árslok 1898:	
a. innritunarskírteini	Kr. 1600,00
b. í aðaldeild söfnunarsjóðsins	— 12775,00
c. veðskuldabréf einstakra manna	— 6428,00
d. í sðarisjóði landsbankans	— 511,19
e. ógreiddir vextir	— 72,00
f. í peningum hjá undirskrifuðum	— 294,13
	— 21680,32
	Kr. 22405,29

Reykjavík 17. júní 1899.

Hallgr. Sveinsson.